

273. fundur Skólanefndar FS

22. nóvember 2005



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Páll Ingólfsson, Guðjón Kristjánsson, áheyrnarfulltrúarnir Guðbjörg Jónatansdóttir og Arnar Magnússon og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Yfirlit yfir störf annarinnar.
 2. Útskrift.
 3. Nemendur á næstu önn.
 4. Ársreikningur 2004.
 5. Skólasamningur.
 6. Önnur mál.

1. Yfirlit yfir störf annarinnar.

Skólameistari sagði frá því helsta varðandi haustönnina. Mætingar hafa batnað með nýjum mætingareglum. Þá var tekið upp miðannarmat sem gafst vel. Skólameistari sagði einnig frá göngudegi, forvarnaviku, Degi íslenskrar tungu, opnum degi og baráttudegi gegn fátækt. Einnig rætt um stöðu mála varðandi ræstingar og mötuneyti.

2. Útskrift.

Alls hafa 55 nemendur skráð sig til útskriftar. Útskrift verður laugardaginn 17. desember kl. 14:00.

3. Nemendur á næstu önn.

Nú hafa 856 sótt um skólavist á vorönn. Af þeim voru 70 ekki í skólanum á þessari önn.

4. Ársreikningur 2004.

Skólameistari kynnti skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ársreiknings skólans fyrir árið 2004. Fjárhagsstaða skólans er góð.

5. Skólasamningur.

Skólameistari sagði frá undirbúningi vegna endurskoðunar skólasamnings. Samningar eru staðlaðir fyrir framhaldsskólana en kafli um sjálfsmat er sérstakur fyrir hvern skóla.

6. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá hugsanlegum breytingum á leigu á íþróttahúsi.
- b) Páll sagði frá samráðsfundi skólanefnda framhaldsskólanna sem hann sótti fyrir hönd skólanefndar. Hann sagði sérstaklega frá umræðu um sjálfsmatskerfi skólanna.
- c) Rætt um reykingar við skólahúsnaðið.
- d) Skólameistari sagði frá samningum um skólaakstur sem eru óhagstæðir en skólaaksturinn var boðinn út í útboði Vegagerðarinnar. Verið er að skoða þau mál í samvinnu við SSS.
- e) Skólameistari sagði frá náms- og kynnisferð starfsfólks til Kaupmannahafnar í október. Ferðin heppnaðist vel en m.a. var farið í heimsóknir í framhaldsskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
b.t. Oddnýjar G. Harðardóttur, skólameistara
Sunnubraut 36
230 Reykjanesbær.

15. nóvember 2005

F-664
BP/mb

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings ársins 2004 hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Í tengslum við endurskoðunina aðstoðaði hún við gerð ársreiknings fyrir stofnunina.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin fól meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Við endurskoðunina var einnig gerð athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð ársreikningsins og framsetningu í heild.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum í rekstri Fjölbrautaskóla Suðurnesja, fjárhagsstöðu og fjárheimildum, eins og þau birtast í ársreikningi. Greint verður frá framkvæmd endurskoðunarinnar, áhersluatriðum við endurskoðun fyrir árið 2004 og athugasemdum, ábendingum og niðurstöðu.

Afkoma ársins og fjárhagsstaða

Rekstrarreikningur árið 2004

Samkvæmt ársreikningi Fjölbrautaskóla Suðurnesja nam tekjuafgangur ársins 2004 36,6 millj. kr. í samanburði við 8,4 millj. kr. tekjuafgang á árinu 2003.

Í þús. kr.	2004	2003	Mismunur
Tekjur.....	30.824	28.094	2.730
Laun og launatengd gjöld.....	(338.721)	(319.022)	(19.699)
Önnur rekstrargjöld.....	(80.897)	(66.700)	(14.197)
Eignakaup.....	(12.702)	(11.045)	(1.657)
Samtals gjöld umfram tekjur	(401.496)	(368.674)	(32.822)
Ríkisframlag.....	438.141	377.070	61.071
Tekjuafgangur ársins	36.645	8.396	28.249

Gjöld Fjölbrautaskóla Suðurnesja umfram tekjur jukust um 33 millj. kr. frá fyrra ári. Hækkun tekna milli ára skýrist aðallega af hærri efnisgjöldum nemenda. Laun og launatengd gjöld aukast þar sem yfirvinna er há á árinu 2004 vegna fjölgunar nemenda á haustönn. Þá fjölgaði meðalstöðugildum um 2,1 milli ára. Önnur rekstrargjöld hækkuðu meðal annars vegna greiðslna til menntamálaráðuneytis vegna upplýsingakerfisins Innu og FS-nets, sem kom nýtt inn á árinu. Einnig hækkaði húsnæðiskostnaður þar sem húsnæðið stækkaði verulega um mitt ár 2004. Eignakaup voru óvenju há á árinu 2004 meðal annars vegna endurnýjunar á tækjum vegna verknámskennslu og kaupa á 10 skjávörpum.

Efnahagsreikningur 31.12.2004

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Fjölbrautaskóla Suðurnesja 63,0 millj. kr., skuldir námu 17,2 millj. kr. og höfuðstóll var jákvæður um 45,8 millj. kr.

Í þús. kr.	2004	2003	Breyting
Eignir:			
Veltufjármunir.....	62.996	15.288	47.708
Eignir alls	62.996	15.288	47.708
Eigið fé og skuldir			
Höfuðstóll.....	45.757	9.112	36.645
Skammtímaskuldir.....	17.239	6.176	11.063
Eigið fé og skuldir alls	62.996	15.288	47.708

Peningalegar eignir Fjölbrautaskóla Suðurnesja námu í árslok 2004 um 7,0 millj. kr. og höfðu hækkað um 105 þús. kr. frá fyrra ári. Viðskiptakröfur voru í árslok 9,0 millj. kr. og höfðu hækkað um 3,7 millj. kr. milli ára. Staða á viðskiptareikningi við ríkissjóð nam 47,0 millj. kr. og hafði staðan batnað um 44,0 millj. kr. á árinu.

Viðskiptaskuldir skólans voru í árslok 2004 um 17,2 millj. kr. og höfðu hækkað um 11,1 millj. kr. milli ára m.a. vegna eignakaupa í árslok sem greidd voru í ársbyrjun 2005.

Eigið fé Fjölbrautaskóla Suðurnesja sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hans gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2004 sýnir höfuðstóll skólans ónotaða fjárheimild að fjárhæð 45,8 millj. kr. og hafði staðan batnað um 36,6 millj. kr. frá árinu á undan eða sem nam tekjuafgangi ársins.

Fjárheimildir og rekstur ársins

Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum ársins 2004 voru 335,8 millj. kr. að frádregnum áætluðum ríkistekjum að fjárhæð 5,8 millj. kr. Veittar voru viðbótarfjárveitingar til skólans, samtals að fjárhæð 102,3 millj. kr. Fjárveitingarnar voru hækkaðar um 79 millj. kr. vegna nemendauppgjörs og 11,4 millj. kr. vegna leiðréttingar fyrir fyrra ár en auk þess voru fjárveitingar hækkaðar vegna launabóta, sérkennslu, námsleyfis og forfallakennslu. Endanleg fjárheimild til skólans nam 438,1 millj. kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu 2004 námu samtals 401,5 millj. kr. og urðu því 36,6 millj. kr. innan fjárheimilda ársins eða 8,4%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri Fjölbrautaskóla Suðurnesja á árinu 2004:

Í þús. kr.	Fjárheimild	Reikningur	Frávik	Í %
Launagjöld.....	358.093	338.721	19.372	5,4%
Önnur rekstrargjöld.....	85.253	80.896	4.357	5,1%
Eignakaup.....	9.295	12.702	(3.407)	-36,7%
Tekjur.....	(14.500)	(30.824)	16.324	
	438.141	401.495	36.646	8,4%

Um framkvæmd endurskoðunar

Könnun og mat á innra eftirliti

Eftirtalin atriði stuðla helst að innra eftirliti og annarri reglu á bókhaldi og fjármálum Fjölbrautaskóla Suðurnesja:

- Skipurit liggur fyrir.
- Rekstraráætlun er gerð hjá skólanum í upphafi árs. Reglulega eru rauntölur bornar saman við áætlun og leitað skýringa á frávikum.
- Samkvæmt skipulagi um fyrirkomulag innkaupa eiga sviðstjórar að samþykkja allar pantanir sinna deilda. Sá sem pantar vöru á að staðfesta móttöku og skólameistari eða staðgengill hans samþykkja reikninga fyrir greiðslu.
- Gott skipulag er á fjárhagsbókhaldi og launavinnslu, bæði hvað varðar skráningu og varðveislu gagna.
- Bankareikningar eru stemmdir af reglulega.
- Viðskiptareikningar eru stemmdir af reglulega.
- Tekjur eru stemmdar af reglulega.
- Sölureikningar eru varðveittir í óslitinni númeraröð.
- Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn.
- Fylgst er með yfirvinnu og fjarvistum.
- Starfslýsingar hafa verið gerðar fyrir starfsmenn.
- Haldin er eignaskrá.

Sökum smæðar stofnunarinnar er ákveðinn veikleiki á innra eftirliti hjá skólanum. Veikleikinn snýr að því að sami aðili sér um bókhald og greiðslu reikninga. Til að vega upp á móti veikleikanum þá eru allir reikningar samþykktir af skólameistara áður en þeir eru sendir til bókonar. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að gerð sé skrifleg lýsing á innra eftirliti.

Endurskoðun efnahagsliða

Afstemmingar bankareikninga lágu fyrir. Staða bókhalds stemmdi við bankayfirlit í öllum tilfellum.

Sjóður var ekki talinn og stemmdur af við bókhald við þessa endurskoðun.

Gerð var aldursgreining viðskiptamanna og skoðuð breyting milli ára. Viðskiptakröfur voru í árslok 9,0 millj. kr. og höfðu hækkað um 3,7 millj. kr. milli ára. Flestar kröfurnar voru vegna ársins 2004 og hafa verið gerðar upp. Viðskiptaskuldir voru í árslok 17,2 millj. kr. og voru að hluta eða 5,2 millj. kr. fyrirfram innheimt skólagjöld vegna vorannar 2005. Aðrar skuldir voru ógreidd gjöld í árslok sem greidd voru í ársbyrjun 2005.

Endurskoðun launagjalda

Launagjöld voru borin saman milli ára og helstu frávik greind. Launagjöld hækkuðu um 19,7 millj. kr. milli ára eða 6,2%. Þá fjölgaði stöðugildum um 2,1 frá árinu áður. Að teknu tillit til fjölgunar stöðugilda var launahækkun 2,9% en laun hækkuðu um

3% samkvæmt kjarasamningum. Yfirvinna hefur aukist þar sem nemendum hefur fjölgað mikið.

Tekið var úrtak starfsmanna og laun og aðrar greiðslur sem greiddar voru í launakerfinu í nóvember 2004, aðrar en föst laun, voru skoðaðar. Ekkert athugasemda kom í ljós við þá skoðun.

Endurskoðun annarra rekstrargjalda

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og gerð grein fyrir helstu frávikum. Endurskoðunin var án athugasemda.

Endurskoðun tekna

Við endurskoðun á tekjum voru tekjur skólans bornar saman milli ára og helstu frávik greind. Afstemming innritunar- og efnisgjalda var yfirfarin án athugasemda.

Sérstök áhersluatriði við endurskoðun

Á árinu lagði Ríkisendurskoðun sérstaka áherslu á eftirtalin atriði við endurskoðun stofnana:

- Aðkeypt þjónusta v/upplýsingamála.
- Húsnæðismál.
- Síamál.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er eftirfarandi:

- **Aðkeypt þjónusta v/upplýsingamála.**

Við skoðun á aðkeyptri þjónustu vegna upplýsingamála var lögð áhersla á að skoða aðkeypta rekstrarsamninga á sviði upplýsingatæknimála, aðkeypta hugbúnaðargerð og heimanotkun starfsmanna á tölvubúnaði.

- a) Aðkeyptir rekstrarsamningar á sviði upplýsingatæknimála.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur ekki gert rekstrarsamninga vegna tölvumála. Rekstrarsamning við Skýrr hf. hefur verið sagt upp þar sem að hætt hefur verið að nota BÁR-ST.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur aðgang að upplýsingakerfinu Innu og FS-neti sem menntamálaráðuneytið hefur umsjón með og greiðir skólinn fyrir afnotin samkvæmt gjaldskrá.

- b) Aðkeypt hugbúnaðargerð.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja kaupir ekki vinnu við hugbúnaðargerð, heldur notar skólinn stöðluð hugbúnaðarkerfi.

c) **Heimanotkun starfsmanna á tölvubúnaði.**

Nokkrir starfsmenn Fjölbrautaskóla Suðurnesja geta tengst innra tölvukerfi skólans utan vinnustaðar. Hafa þeir starfsmenn óheftan aðgang að sömu gögnum og á vinnustað. Skólinn veitir þjónustu við vél- og hugbúnað á heimilum starfsmanna og eru borð- og fartölvur í eigu skólans staðsettar þar. Skólinn greiðir fyrir heimatengingar hjá 5 starfsmönnum. Greitt er fyrir takmörkuð bandvíddargjöld. Meginástæðan fyrir greiðslu skólans á þessum kostnaði er þörf starfsmanna á að komast í innri gögn skólans og gögn á Internetinu utan venjulegs vinnutíma. Þeir starfsmenn sem eru með heimatengingu eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, kerfisstjóri, húsvörður og verkefnisstjóri.

- **Húsnæðismál**

Við skoðun á húsnæðismálum var lögð áhersla á eftirfarandi atriði: hvort um var að ræða leiguhúsnæði eða eigið húsnæði, húsnæðiskostnað og hentugleika húsnæðis.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er í leiguhúsnæði á vegum Fasteigna ríkissjóðs. Skriflegur leigusamningur er til hjá skólanum og er gildistími óskilgreindur. Skólinn leigir ekki út frá sér húsnæði.

Leigugjöld voru 1.736 þús. kr. á mánuði eða 304 kr. per m². Heildarhúsnæðiskostnaður skólans var 41.414 þús. kr. árið 2004. Skólinn greiðir ekki fasteignagjöld af húsnæðinu. Verið er að klára kennsluáðstöðu vegna listnámsbrautar og húsasmíðabrautar. Húsnæðið fullnægir þörfum skólans að mati stjórnenda. Fermetrafjöldi heildarhúsnæðis samsvarar um 7 fermetrum pr. nemanda í dagskóla.

- **Símamál**

Við skoðun á símamálum var lögð áhersla á þróun fjarskiptakostnaðar og farsímanotkun.

Gjöld af fjarskiptum hafa verið svipuð undanfarin þrjú ár:

- 1.000 þús. kr. árið 2002
- 1.023 þús. kr. árið 2003
- 1.082 þús. kr. árið 2004

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er stofnun þar sem þjónustan felst ekki í því að almennir starfsmenn veiti þjónustu gegnum síma. Skólinn á 1 farsíma í árslok 2004 en greitt var fyrir afnot 3ja farsíma í desember 2004. Ýmist er föst fjárhæð greidd eða greitt er fyrir alla notkun án takmarkana. Skólinn hefur ekki leitað hagstæðasta tilboðs í útboði.

Skólameistari samþykkir kaup á sínum og tengdum búnaði. Skólinn er ekki með gjaldfrjálst símanúmer. Símkerti skólans er lokað fyrir 90xx-númerum og símtölum til útlanda. Meginástæða þess að starfsmenn hafa farsíma á kostnað skólans er nauðsyn þess að komast í samband við viðkomandi starfsmann utan almenns vinnutíma. Skólinn hefur engan símabúnað á rekstrarleigu.

Niðurstaða

Við höfum í þessu bréfi gert grein fyrir helstu atriðum sem varða endurskoðun á ársreikningi Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2004. Ekki voru gerðar athugasemdir við endurskoðunina að öðru leyti en því að bent er á að innra eftirlit hjá skólanum er frekar veikt m.a. sökum fámennis á skrifstofu hans og lagt er til að gerð verði skrifleg lýsing á innra eftirliti.

Á grundvelli endurskoðunarinnar höfum við áritað ársreikning Fjölbrautaskóla Suðurnesja með eftirfarandi álit:

„Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjölbrautaskóla Suðurnesja árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.“

Afrit:

Menntamálaráðuneytið.